

## REGLUR

### **ríkisskattstjóra um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2020.**

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2020 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögðila sem fára ber á rekstrarreikning fyrir tekjuárið 2020.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem tekna eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu. Slátturkostnaður vegna búsafurða til heimanota heimilast ekki til fráráttar rekstrartekjum.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2020 er sem hér segir:

<i>Tegund</i>	<i>Krónur</i>	<i>Eining</i>
Mjólk	90	pr. lítra
Egg	505	pr. kg
Kartöflur	110	pr. kg
Rófur	180	pr. kg
Gulrætur	362	pr. kg
Lambakjöt	407	pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	159	pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	110	pr. kg
Ungnautakjöt	643	pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	406	pr. kg
Folaldakjöt	294	pr. kg
Annað kjöt af hrossum	108	pr. kg
Grísakjöt	451	pr. kg
Annað svínakjöt	223	pr. kg
Kjúklingar	383	pr. kg
Annað fuglakjöt	628	pr. kg
Lax og silungur	692	pr. kg
Annar fiskur	320	pr. kg

*Reykjavík, 9. desember 2019.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.